RE: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 681 : 2026100174 - Lagnaleið ljósleiðara í Tungudal, Skutulsfirði

Til	:	Eyþór Guðmundsson <eythorgu@isafjordur.is>; Helga Þuríður Magnúsdóttir <helgathuridur@isafjordur.is>
Frá	:	Ólöf Guðný Valdimarsdóttir <olof@boark.is>
Heiti	:	RE: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 681 : 2026100174 - Lagnaleið ljósleiðara í Tungudal, Skutulsfirði
Málsnúmer	:	2026100174
Málsaðili	:	Ísafjarðarbær - Skipulagsfulltrúi
Skráð dags	:	16.11.2026 08:03:57
Höfundur	:	Ólöf Guðný Valdimarsdóttir

Viðhengi

image012.pngimage012.png
image011.pngimage011.png
image010.pngimage010.png
image008.pngimage008.png
image009.pngimage009.png
image013.pngimage013.png
image019.pngimage019.png
image017.pngimage017.png
image018.pngimage018.png
image014.pngimage014.png
image020.pngimage020.png
image016.pngimage016.png
image015.pngimage015.png
~WRD0001.jpg~WRD0001.jpg

Góðan daginn.

Gott mál.

Skellum þessu fyrir næsta fund nefndarinnar sem breytingu, sama afgreiðsla.

Núna er mikilvægt að vera ákeðin á stjórnsýslunni og afgreiða allt formlega og fá alla framkvæmdaraðilana til að vinna með okkur.

Það mun auðvitað taka tíma að koma umsóknarferlinu í farveg og á meðan verðum við að sætta okkur við tölvupósta eins og hefur viðgengist.

Ég held að það væri gott að ég byrjaði að taka saman efni fyrir umsóknarferlið fyrir framkvæmdaleyfi.

Heyrumst á eftir.

Bestu kveðjur / Best regards

Ólöf Guðný.

olof@boark.is

From: Eyþór Guðmundsson
Sent: föstudagur, 13. nóvember 2026 12:53
To: Ólöf Guðný Valdimarsdóttir ; Helga Þuríður Magnúsdóttir
Subject: FW: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 681 : 2026100174 - Lagnaleið ljósleiðara í Tungudal, Skutulsfirði

Sjá tölvupóst frá snerpu

Eyþór Guðmundsson, deildarstjóri Umhverfis -og eignarsviðs

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður

450 8000 – eythorgu@isafjordur.is

From: Jóhann Egilsson
Sent: fimmtudagur, 12. nóvember 2026 15:34
To: Eyþór Guðmundsson
Subject: RE: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 681 : 2026100174 - Lagnaleið ljósleiðara í Tungudal, Skutulsfirði

Sæll,

Það kom upp smá vesen hjá okkur þegar ég fór að skoða leiðina nánar. Við getum því miður ekki farið eftir upphaflegu leiðinni þar sem of stutt er í tré á svæði Skógræktarinnar og hallinn fyrir ofan er einnig of mikill.

Við viljum því óska eftir að fara eftir breyttri leið, annað hvort í kanti göngustígsins eða rétt fyrir neðan eða ofan hann, þannig að framkvæmdin fari öll fram í þegar röskuðu landi.

Hér með sendi ég beiðni um samþykki fyrir nýrri leið. Hún er merkt með gulri línu á meðfylgjandi mynd.

Leiðin yrði þannig að við færum fyrir neðan göngustíginn að virkjuninni. Frá virkjuninni og áfram yrði farið fyrir ofan veginn og þegar komið er út úr hallanum færum við okkur aftur að veginum.

Bestu kveðjur,

Joi egils

Jóhann Egilsson
Deildarstjóri Vettvangs- og Fyrirtækjaþjónustu

+354 5204003
+354 8404003

johanne@snerpa.is
snerpa.is

Mjallargata 1
400 Ísafjörður

From: Eyþór Guðmundsson <eythorgu@isafjordur.is>
Sent: Tuesday, November 3, 2026 10:12 AM
To: Jóhann Egilsson <johanne@snerpa.is>; Skipulag <skipulag@isafjordur.is>; Björn Davíðsson <bd@snerpa.is>
Cc: olof <olof@boark.is>
Subject: RE: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 681 : 2026100174 - Lagnaleið ljósleiðara í Tungudal, Skutulsfirði

ATHUGIÐ: Þessi tölvupóstur kemur frá utanaðkomandi aðila. Ekki smella á hlekk eða opna viðhengi sem þú kannast ekki við.

Sæll

Það hefur eðlilega orðið smá hiksti á þessu hjá okkur á meðan við erum í skipulagsbreytingum á sviðinu. Ég er búinn að fá Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur (Lóu) til að vera okkur innan handar á meðan þær standa yfir og hún er hér í CC.

Hún bað á fundi um eftirfarandi gögn/upplýsingar í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, þar sem m.a. er kveðið á um þau gögn sem skulu fylgja umsókn.

- **Nafn umsækjanda/framkvæmdaraðila.**
- **Nákvæma staðsetningu framkvæmdar.**
- **Kort sem sýnir staðsetningu samkvæmt aðalskipulagi og deiliskipulagi**, ef það á við.
- **Umfang framkvæmdar**, og hvort framkvæmdin sé hluti af stærri framkvæmd.
- **Greinargóða samantekt á lýsingu og frágangi framkvæmdar**, þar sem m.a. kemur fram hvers konar land fer undir framkvæmdina, t.d. skógur, votlendi o.s.frv. eftir því sem við á.
- **hver umsókn ætti aðeins að innihalda eina framkvæmd** og ef fleiri en einn framkvæmdaraðili kemur að verkinu þurfi það að koma fram og viðkomandi aðili að senda inn umsókn fyrir sína framkvæmd.

Lóa er hér i cc.

Eyþór Guðmundsson, deildarstjóri Umhverfis -og eignarsviðs

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður

450 8000 – eythorgu@isafjordur.is

From: Jóhann Egilsson <johanne@snerpa.is>
Sent: þriðjudagur, 27. október 2026 10:27
To: Skipulag <skipulag@isafjordur.is>; Björn Davíðsson <bd@snerpa.is>
Cc: Eyþór Guðmundsson <eythorgu@isafjordur.is>
Subject: RE: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 681 : 2026100174 - Lagnaleið ljósleiðara í Tungudal, Skutulsfirði

Er það einvhvað meira sem þið þurfið frá okkur varðandi þetta ?

Jóhann Egilsson
Deildarstjóri Vettvangs- og
Fyrirtækjaþjónustu

+354 5204003
+354 8404003

johanne@snerpa.is
snerpa.is

Mjallargata 1
400 Ísafjörður

From: Skipulag <skipulag@isafjordur.is>
Sent: Wednesday, October 21, 2026 10:41 AM
To: Jóhann Egilsson <johanne@snerpa.is>; Björn Davíðsson <bd@snerpa.is>
Cc: Eyþór Guðmundsson <eythorgu@isafjordur.is>
Subject: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 681 : 2026100174 - Lagnaleið ljósleiðara í Tungudal, Skutulsfirði

ATHUGIÐ: Þessi tölvupóstur kemur frá utanaðkomandi aðila. Ekki smella á hlekk eða opna viðhengi sem þú kannast ekki við.

Sælir

Meðfylgjandi er bókun skipulags- og mannvirkjanefndar frá því í dag, 21. október 2026:

2026100174 - Lagnaleið ljósleiðara í Tungudal, Skutulsfirði

Lagt fram til kynningar, erindi frá Jóhanni Egilssyni hjá Snerpu ehf. dags. 6. október 2026, með ósk um leyfi frá Ísafjarðarbæ sem eiganda að jörðinni Tungu í Skutulsfirði til lagningar ljósleiðara að Tungudalsvirkjun annars vegar og hins vegar að barnalyftu á skíðasvæðinu í Tungudal.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur skipulagsfulltrúa að kalla eftir nauðsynlegum gögnum og leggja mat á hvort fyrirhuguð lagnagerð sé framkvæmdaleyfisskyld samkvæmt reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi eða teljist óveruleg framkvæmd. Verði framkvæmdin metin framkvæmdaleyfisskyld

verði málið lagt fyrir nefndina að nýju til afgreiðslu.

Þetta tilkynnist hér með.

Helga Þ. Magnúsdóttir

verkefnastjóri á tæknisviði

Ísafjarðarbær
450 8027 - www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær hefur hlotið jafnlaunavottun.
Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer.

- Bókaðu tíma til að hitta mig